

ORKUSPÁRNEFND

Hagstofa Íslands – Íbúðalánasjóður - Landsvirkjun – Orkustofnun - Orkuveita Reykjavíkur

Rafmagnsveitur ríkisins - Samorka - Þjóðhagsstofnun

Reykjavík, 5. ágúst 1999

ALMENN RAFORKUNOTKUN OG RAFORKUSPÁR

Að undanfögnu hefur verið nokkur umræða í fjölmiðlum um raforkunotkun á landinu þar sem því hefur m.a. verið haldið fram að raforkuskortur sé framundan og að spár Orkusparnefndar hafi staðist illa. Orkusparnefnd telur að hér sé um misskilning að ræða og til að leiðrétta hann eru hér teknar saman upplýsingar um raforkunotkun landsmanna.

Raforkuspár Orkusparnefndar hafa allt frá árinu 1985 staðist einstaklega vel en á þessu tímabili hafa komið út þrjár spár árin 1985, 1992 og 1997. Sem dæmi má nefna að á síðasta ári var almenn raforkunotkun með töpum (leiðrétt vegna skerðingar síðasta árs á ótryggðri orku) um 6,5% minni en spáð var árið 1985 sem verður að teljast mjög góður árangur. Ef raforkunotkun síðustu tveggja ára er borin saman við nýjustu spána kemur í ljós að árið 1997 var notkun almennrar forgangsorku með töpum eins og spáð var en árið 1998 var hún 13 GWh meiri en áætlað var (hitastigsleiðrétt). Á fyrri helmingi þessa árs hefur almenn notkun forgangsorku vaxið um 3,5% (hitastigsleiðrétt) en ef tekið er tillit til þess að flutningstöp hafa minnkað verulega með tilkomu nýrra flutningsvirkja verður aukningin 2,4%. Þróun raforkunotkunar á fyrri hluta þessa árs bendir því ekki til þess að hún muni víkja verulega frá spá Orkusparnefndar.

Meginástæða þess að notkunin var meiri á síðasta ári en áætlað var er að nú er mikill uppgangur í efnahagsmálum hér á landi og hagvöxtur meiri en í flestum nágrannalöndum. Slíkt skilar sér í aukinni raforkunotkun þó svo að sveiflur séu ekki eins miklar í vexti raforkunotkunar og í hagvextinum. Til lengri tíma litið er ekki við því að búast að hagvöxtur verði eins mikill hér á landi og hann hefur verið að undanfögnu og því ekkert sem bendir til þess að raforkuspáin sé verulega of lág til lengri tíma litið. Orkusparnefnd reynir að taka tillit til slíkra skammtímasveiflna með að fylgjast með raforkunotkuninni ársfjórðungslega og með því að endurreikna spána á hverju ári. Ef einhverjar vísbendingar eru um að notkunin ætli að þróast á

annan veg en raforkuspáin miðar við er gerðar breytingar á spánni við endurreikninginn.

Ef litið er á einstaka landshluta að þá var spá fyrir höfuðborgarsvæðið 4 GWh of há árið 1997 en 7 GWh of lág árið 1998. Á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum hefur notkunin á þessu ári vaxið hraðar en miðað var við í orkuspá en hægar í öðrum landshlutum. Árið er þó aðeins hálfnað og ekki er víst að aukningin verði eins mikil á höfuðborgarsvæðinu á seinni hluta ársins.

Orkuspárnefnd vill því benda á að ekkert bendir til þess að framundan sé raforkuskortur né að verulegar skekkjur séu í raforkuspá nefndarinnar. Þó svo að ótryggð orka hafi verið skert síðasta vetur og komið geti til skerðinga næsta vetur er slíkt ekki óeðlilegt. Ótryggð orka er í boði í raforkukerfinu hér á landi þar sem við byggjum að stórum hluta á vatnsorku og rennsli við virkjanir er breytilegt milli ára. Landsvirkjun hefur því farið út í að selja ótryggða orku til að nýta vatn við virkjanir í góðum vatnsárum en slík orka er þá ekki til staðar þegar veðurfar er óhagstæðara og hún því seld á margfalt lægra verði en forgangsorkan. Nýjar virkjanir eru því ekki byggðar til að draga úr skerðingu á ótryggðri orku enda er slíkt engan vegin hagkvæmt.